



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Í fornum sögum Íslendinga eru íþróttirnar dáð sem prýðir hetjur og höfðingja.

Þótt frásagnirnar hafi verið skráðar á þjóðtungu okkar fyrir um 700 árum síðan eru þær enn á okkar tíð fyrirmyndir æsku landsins. Sérhver ný kynslóð Íslendinga hefur í huganum verið þátttakandi í íþróttakeppnum landnámsmanna og forn kappi. Þegar stökkum Skarphéðins og bogfimi Gunnars er lýst í hinni frægu miðaldasögu um Njál verða afrekin lifandi minning okkar sjálfra.

Íþróttir víkinganna hafa í hugum okkar sameinast hinum fornu grísku leikjum. Grænir vellir Íslands hafa runnið saman við Olympíubrautir Grikklands.

Um leið og Íslendingar hlutu aukinn rétt í upphafi aldarinnar og síðan enn frekar með fullveldi og loks lýðveldistofnum varð þátttaka í Olympíusamfélagi íþróttanna í senn kappsmál og heiður, staðfesting á fornum arfi og áfangi á leið til nýrra tíma.

Íslendingar fagna keppendum og öðrum þátttakendum í Smáþjóðaleikjunum. Við vonum að dvölin í landi okkar færi öllum góðar minningar.

Þótt aðeins einn sé sigurvegari í hverri keppni erum við öll þátttakendur í gleðiríkri íþróttahátíð.